

SPENNA OG PÍNA

Myndasögulistinn hefur verið af-rækt á Íslandi eins og víða annars staðar. Stafar það ekki síst af erfiðleikum við að finna allsherjar mælistiku fyrir listform sem teygir anga sína til myndlistar, bókmennta, kvikmynda og jafnvel til dægurtónlistar en festist aldrei við áhrifavalda sína og losnar því blessunarlega við að draga of mikið dóm af þeim. En af þessum völdum umlykur myndasöguna „táknfræðileg óreiða“ sem fælist suma frá henni, meðan aðrir sjá opið ríki möguleika. Virkjun þess síðarnefnda er augljós á veggjum Kjarvalsstaða um þessar mundir, en þar stendur yfir frönsk-íslensk myndasögusýning er nefnist „Guðdómleg innri spenna og pína“. Er sýningargesti torvelt annað en að hrifast af fjölbreytileika myndasögunnar sem þar getur að líta.

Hvað er myndasögulist?“ er spurt í bók sem gefin er út í tilefni sýningarinnar, og er jafnframt 5. hefti teiknimyndasögublaðsins Gisp! „Strax í upphafi er hægt að gefa einhvers konar bráðabirgðasvar. Árið 1947 kom út bókinn „The Comics“ eftir Colton nokkurn Waugh þar sem hann setur fram fyrstu manna skilgreiningu og varð hún víða meðtekin sem grunnur til að byggja á alvarlegar rannsóknir. Í stuttu máli: Myndasagan er tjáningarform sem þarf að innihalda eftirfarandi frumþætti: Frásögn sem sögð er með samfelldri röð mynda, samhangandi „hlutverk“ persóna“ frá einni röð til annarrar og samtöl og/eda texta innan myndanna.

Því miður gerðu Waugh og lærisveinar hans sér ekki grein fyrir mikilvægi þessarar uppgötvunar. Í stað þess að átta sig á að þeir höfðu í stórum dráttum markað útlínur nýs listforms, sem samkvæmt því kallaði á algjörlega nýja staðla, reyndu þeir að fella það að eldri og ósamrýmanlegum formum. Það kemur því ekkert á óvart að þetta hugmyndalega „frávik“ leiddi höfund sinn út í fagurfræðilegan glundroða.“ Og síðar segir: „Skilgreiningin hér að ofan felur ekki í sér skilning á innsta eðli myndasagna, ekki frekar en formúlan fyrir „bí“ felur í sér skilning á eðli hringsins. En hana er hægt að nota sem verkfæri sem getur komið að ómetanlegu gagni.“ Þetta verkfæri kemur þó að litlu haldi þegar myndútfærsla Paquito Bolino, sem var einn fjögurra gesta sýningarinnar, er skoðuð. Einnhver heildarsvipur virðist lífa milli mynda, en torséð frásögn með „samhangandi“ „hlutverk“ persóna“ og talblaðran víðfræga er fjarri góðu gamni. Myndir Bolinos eru þar að auki eins fjarskyldar þeim nostursamlegu unnu teikningum, sem Íslendingar kannast við úr flestum myndasögum sem rekur á okkar strendur, og hugsast getur. Það er frekar sem hann skrái sprengingu á sama tryllingslega andartaki og hún á sér stað. Myndirnar eru ofsafengið afsprengi hluta er aldrei átti að leiða saman til sængur. Lýsingin á honum sem birtist í 5. heftinu virðist nærrílagi: „Paquito Bolino lætur sig litlu varða þegar myndasögur og heldur sig lengst frá þeim af öllum úr hópnun. Hann er jarðýtan, maðurinn sem talar minna en flestir og framkvæmir þeim mun meira.“

Expressjónískar myndasögur

Bolino er frá bænum Aigus-Mortes við Miðjarðarhaf, en býr nú í París. Hann hefur gert hreyfimyndir, plötur, plötuumslög og fjölmargar bækur, ýmist einsamall eða með



Paquito Bolino í sínu horni sýningarinnar.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

öðrum. „Ég held að verk mín séu nokkurs konar blanda af teiknimyndasögum og expressjónisma,“ segir Bolino þegar ofsi mynda hans berst í tal, „en þó í einhverjum tengslum við sama nafnsmann og fjörgamlir menn iðka í krummaskuðum. Þegar ég er staddur í S-Frakklandi reyni ég að heimsækja smábæina og hitt gamla nafnista sem hafa aldrei séð eða heyrt getið um myndasögur. Sá síðasti sem ég kynntist af þeim toga var 75 ára gamall og skildi teikningar mínar athugasemdalaust, við reyndumst tala sama tungumálið. Á sama tíma gerist það að ég fæ ekki inngengt hjá sýningarsöllum því þeir segja; þetta er ekki myndlist, þetta eru myndasögur. Og þegar ég fer til útgefenda myndasagna segja þeir; þetta eru ekki myndasögur, þetta er myndlist. Ég er því í úlfakreppu.“ Bolino lærði í virtum skóla á sínu sviði í Frakklandi, École des Beaux Arts í sveitaborginni Angoulême, er hefur verið kölluð myndasöguborgin. Þar er árlega haldin myndasöguháttíð mikil

Myndir Bolinos eru eins fjarskyldar þeim nostursamlegu unnu teikningum, sem Íslendingar kannast við úr flestum myndasögum sem rekur á okkar strendur, og hugsast getur. Það er frekar sem hann skrái sprengingu

sem dregur til sín flesta þá er bendlaðir eru við miðilinn í Frakklandi og víðar, og nefnist Salon International de la Bande Dessinée d'Angoulême. Bolino og fleiri myndasögulistamenn í svipaðri aðstöðu hafa sýnt verk sín í borginni meðfram háttíðinni í von um að vekja áhuga valdhafa í greininni. „Við höfum haldið margar sýningar í krám og verslunum, en forkólfar í myndasöguíðnaðinum létu ekki sjá sig. Í upphafi 9. áratugsins naut myndasögulistinn mikils fylgis og fyrirtæki og menningarstofnanir stóðu fyrir kynningum á henni og sýningum, áformuðu hreyfimyndagerð og tímarit og blöð birtu myndasögur. En afleiðingar átaksins urðu aðrar en ætlað var. Frá 1985 selja aðeins fáeinir stjórnur verk sín og það háu verði, þeir geyma nýju verkin sín og selja hin gömlu fyrir fátallegar fjárhæðir. Þetta brýtur gegn eðli myndasögulistarinnar eins og ég skil hana. Ég lít á myndasöguformið sem list fyrir fjöldann vegna þess hversu aðgengileg hún er, auðvelt

að fjölfalda og vegna þess að hana má nálgast í næstu bókaúð. Ég get tekið dæmi af mínum heimaslóðum, þar sem hvorki voru söfn né sýningararsalir, en bókaverslanirnar seldu bækur sem komu mér í kynni við flest allar liststefnur og listamenn. En þegar afurðir myndasögulistarinnar eru verðlagðar á sambærilegan hátt og hefðbundnar listir, er listin fyrir fólkíð einungis aðgengileg fáeinum útvöldum sem eiga fjármuni. Nokkrir teiknarar beygja sig undir ástandið, herma einungis eftir eldri mönnum og reyna ekki að brydda upp á nýjungum. Möguleikinn á að koma annars konar verkum á framfæri er enginn.“ Úrræði Bolinos er vitnisburður um þann hluta frönsku myndasögunnar sem nærast neðanjarðar; hann gefur bækur sínar út í sjálfur í u.þ.b. 200 eintökum og selur í annarri af tveimur bókaúðum Parísarborgar sem láta hillupláss undir slíka iðju, eða í einkasölu með aðstoð frönsku pósthjónustunnar. „Ég vil auðvitað fá náð fyrir augum almennings en ástandið er hvarvetna eins í franska listheiminum; hann byggist upp á þekktum nöfnum sem peningamenn eru óhræddir við að veðja á og flagga í sífellu - fólk kynnist því engu nýju. Listgráða mín er gagnslaus því ég get ekki notfært mér hana við markaðssetningu á verkum mínum, eða til að krækja í sambönd við listaklíkurnar sem ráða lögum og lofum.“ Hann segir að sýningu eins og nú standi yfir á Kjarvalsstöðum væri ekki hægt að sjá í Frakklandi. „Sýning sem blandar fordómalaust saman verkum óþekkra og þekkra myndasögulistamanna er óhugsandi fyrirbrigði í Frakklandi dagsins í dag. Þetta er því lærdómsríkt og jákvætt framtak fyrir alla hlutadeigendur. Meðlimir Gisp! njóta þeirra forréttinda að vera fyrstir á litlum markaði og geta leyft sér tilraunir. Heima í Frakklandi þyrftu þeir að kljást við svipaðar kringumstæður og við og fengu ekki útgáfu. Þeir þurfa hins vegar að opna tímaritið fyrir alls kyns list, jafnt neðanjarðarstraumum og opberri list, því brjóta þarf múra þarna á milli svo að fólk meti alla list á sama grundvelli.“



Morgunblaðið/Kristinn

Forðyrir sýningarinnar „Guðdómleg innri spenna og pína“ skreytt fyrir opnun, f.v. Þórarinn B. Leifsson og Halldór Baldursson krjúpa, en uppréttir eru Bjarni Hinriksson, Þorri Hringsson og Jóhann L. Torfason.